

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1160****2021/EES/22/88****frá 5. ágúst 2020**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin álammoníumsúlfat, álsílikat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7 til C20, hvítlaukaskjarna, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, kísilgúr, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón, tebúkónasól og þvagefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/195 ⁽³⁾ voru samþykkistímabil fyrir virku efnin álammoníumsúlfat, álsílikat, blóðmjöl, kalsíumkarbónat, koltvísýring, útdrátt úr teviði, fitueimingarleifar, fitusýrur C7 til C20, hvítlaukaskjarna, gibberellsýru, gibberellín, vatnsrofin prótín, járnsúlfat, kísilgúr, plöntuolíu/repjuolíu, kalíumbíkarbónat, kvarssand, fisklýsi, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, ógreinótt fiðrildaferómón og þvagefni framlengd til 31. ágúst 2020 og með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 ⁽⁴⁾ var samþykkistímabil fyrir virka efnið tebúkónasól framlengt til 31. ágúst 2020.
- 3) Umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum efnum voru lagðar fram í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽⁵⁾.
- 4) Þar eð mat á öllum þessum efnum hefur tafist af ástæðum sem umsækjendurnir fá ekki ráðið við er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þeirra hefur verið tekin. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.
- 5) Að því er varðar tilvik þar sem samþykkja skal reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar ætíð að fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað. Þegar reglugerð er samþykkt þar sem kveðið er á um endurnýjun á virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, þykir rétt, eins og við á með tilliti til aðstæðna, að fastsetja gildistöku dag eins fljótt og unnt er.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjttíð ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/195 frá 3. febrúar 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir nokkur virk efni sem eru skráð í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 686/2012 (endurnýjunaráætlun AIR IV) (Stjttíð. ESB L 31, 4.2.2017, bls. 21).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/707 frá 7. maí 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin alfasýpermetrín, beflúbútamíð, benalaxýl, benþíavalíkarb, bífenasat, boskalíð, brómoxýnín, kaptan, sýasófamíð, desmedífam, dímetóat, dímetómorf, díúrón, etefón, etoxasól, famoxadón, fenamífos, flúmíoxasín, flúoxastróbín, fólpet, foramsúlífúrón, formetanat, metalaxýl-m, metíókarb, metríbúsín, milbemektín, Paecilomyces lilacinus af stofni 251, fenmedífam, fosmet, pírimífosmetýl, própamókarb, próþíókónasól, s-metólaklór og tebúkónasól (Stjttíð. ESB L 120, 8.5.2019, bls. 16).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjttíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

- 6) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi eins fljótt og auðið er þar eð samþykki fyrir virku efnunum rennur út 31. ágúst 2020.
- 7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 219, álammoníumsúlfat, kemur „31. ágúst 2021“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 220, álsílikat, kemur „31. ágúst 2021“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 222, blóðmjöl, kemur „31. ágúst 2021“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 224, kalsíumkarbónat, kemur „31. ágúst 2021“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 225, koltvísýringur, kemur „31. ágúst 2021“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 228, útdráttur úr teviði, kemur „31. ágúst 2021“.
- 7) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 229, fitueimingarleifar, kemur „31. ágúst 2021“.
- 8) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 230, fitusýrur C7 til C20, kemur „31. ágúst 2021“.
- 9) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 231, hvítlaukskjarni, kemur „31. ágúst 2021“.
- 10) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 232, gibberellsýra, kemur „31. ágúst 2021“.
- 11) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 233, gibberellín, kemur „31. ágúst 2021“.
- 12) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 234, vatnsrofin prótín, kemur „31. ágúst 2021“.
- 13) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 235, járnsúlfat, kemur „31. ágúst 2021“.
- 14) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 236, kísilgúr, kemur „31. ágúst 2021“.
- 15) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 242, plöntuoliur/repjuolía, kemur „31. ágúst 2021“.
- 16) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 244, kalíumbíkarbónat, kemur „31. ágúst 2021“.
- 17) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 247, kvarssandur, kemur „31. ágúst 2021“.
- 18) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 248, fisklýsi, kemur „31. ágúst 2021“.
- 19) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 249, efni sem fæla með lykt af dýrum eða plöntum/kindamör, kemur „31. ágúst 2021“.
- 20) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 255, ógreinótt fiðrildaferómón, kemur „31. ágúst 2021“.
- 21) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 268, tebúkónasól, kemur „31. ágúst 2021“.
- 22) Í stað dagsetningarinnar í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 257, þvagefni, kemur „31. ágúst 2021“.